# AUGLÝSING

## um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli frysts humars á humarvertíð 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll frysts humars á humarvertíð 1972.

**5 × 5 lbs. í skel garndreginn.**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 7— 9 | $ 4.140 | pr. | lb. | cif. | U.S.A. |
| 9—12 | - 3.825 | — | — | — | — |
| 12—15 | - 3.600 | — | — | — | — |
| 15—18 | - 3.060 | — | — | — | — |
| 18—24 | - 2.565 | — | — | — | — |
| 24—30 | - 1.980 | — | — | — | — |
| 30—45 | - 1.440 | — | — | — | — |

**4 × 12 lbs. í skel með görn.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 7—15 | Lire | 1 265 | pr. | lb. | cif. | Milano |
| 0—20 | — | 1 265 | — | — | — | — |
| 15—30 | — | 1 020 | — | — | — | — |
| 30—45 | — | 760 | — | — | — | — |
| 45—60 | — | 590 | — | — | — | — |

Verðbil verði 6%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. maí 1972.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

25. maí 1972. Nr. 130.

# REGLUGERÐ

## um námsstyrki til læknanema gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði.

1. gr.

Heimilt er að veita árlega allt að 10 stúdentum í læknisfræði námsstyrki, hvern að fjárhæð allt að 200 þús krónur, gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði.

2. gr.

Veita má sama stúdent styrk í allt að 3 ár, þó aldrei fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs.